

## Skilmálar um notkun upplýsingatækni í grunnskólastarfi

*Upplýsingatæknilausnir: Vélbúnaður í formi tölvu og snjalltækja ásamt þeim hugbúnaði sem notaður er á slíkum búnaði.*

- Nemandi hefur afnot af þeirri upplýsingatækni sem hann þarf námsins vegna svo lengi sem skólinn nýtir hana til kennslu. Í gegnum hana er aðgangur að námsefni, gagnageymslu og ýmiskonar hugbúnaði (forrit) sem ætlaðar eru til námsvinnu nemandans.
- Tölvudeild Garðabæjar (tölvudeild) stofnar tölvuaðgang fyrir hvern nemenda. Slíkur aðgangur byggir á reglum Garðabæjar um aðgengi nemenda að tölvukerfi bæjarins. Hver skóli setur sér reglur og viðmið um hvenær aðgengi nemanda er virkjað.
- Garðabær nýtir þau umsjónarkerfi sem nauðsynleg eru til að halda utan um vél og hugbúnað og aðgengi að þeim (notendaupplýsingar). Garðabær gerir vinnslusamninga við viðkomandifyrirtæki. Hver skóli annast þjónustu við sína notendur og þau kerfi sem notuð eru, þar með talið skráningu, eftirfylgni notkunar og kennsluleiðbeiningar.
- Nemandi fær notendanafn og aðgang að netkerfi Garðabæjar. Nemandi fær einnig úthlutað aðgangi að G-suite for Education svæði bæjarins og fær þar sérstakt netfang (notendanafn at gbrskoli.is). Í G-suite fylgir geymslupláss á Google drive sem nemandi getur nýtt fyrir sín rafrænu námsgögn á meðan á skólagöngu stendur. Tölvudeild hefur kerfisstjórnunaraðgang að G-suite í öllum skólum og öllum þeim gögnum sem verða til í kerfinu. Tveir starfsmenn hvers skóla munu hafa yfirumsjón með aðgangsstýringum innan hans og aðgang að öllum gögnum á svæði skólans.
- Öll netnotkun hjá Garðabæ er rekjanleg. Slíkt er einungis skoðað ef rík ástæða er til og er þá í samráði við forráðamenn og/eða lögreglu.
- Nemandi og foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á aðgangi nemenda. Nemandi skal gæta þess að fara að öllum reglum skólans, sem og landslögum, um meðferð persónuupplýsinga, myndatökur, myndbirtingar, höfunda- og hugverkarétt. Það innifelur meðal annars að óheimilt er að setja inn myndir/myndskeið af öðrum innan skólans eða í skólastarfinu og setja á internetið, þar með talda samfélagsmiðla, án samþykkis viðkomandi.
- Færast nemandi á milli skóla innan Garðabæjar heldur hann áfram sömu afnotum af kerfinu og annast Tölvudeild tilfærslu á skráningu nemandans innan tölvukerfis grunnskólanna.
- Í lok skólagöngu fær nemandi tækifæri til að afrita þau gögn sem hann vill eiga. Að skólaslitum loknum er öllum vinnugögnum 10. bekkjar lokað. Athuga ber að við þá aðgerð verður netfang nemanda óvirkt enda er það einungis til notkunar á skólagöngu.
- Tölvudeild Garðabæjar áskilur sér rétt til að loka aðgangi tímabundið vegna viðgerða eða þjónustu, til þess að hreinsa óæskileg gögn eða til að rekja mögulega misnotkun.
- Nemendur munu, að undangengnu samþykki forráðamanna, skrifa undir notkunarskilmála skólans um upplýsingatækni.